

Athugasemdir við tillög til þingsályktunar um úttekt á heilsutengdum forvörnum eldra fólks. Félag íslenskra öldrunarlækna fagnar tillögum um úttekt á heilsutengdum forvörnum eldra fólks. Í tillögunni eru tíunduð ýmis mikilvæg atriði sem varða þetta atriði. Félagið vill benda á að ef farið er í slíka úttekt gæti verið skynsamlegt að taka með fleiri þætti sem mikil áhrif hafa á heilsu og þátttöku eldra fólks í heilsuförvörnum. Sérstaklega mætti gefa gaum að áfengisneyslu, sem virðist vaxandi vandamál, einnig lyfjanotkun. Félagsleg tengsl eru svo þáttur sem fjöldi rannókna hafa sýnt að hafa áhrif á heilsu og horfur eldri einstaklinga.

Fyrir hönd stjórnar félags íslenskra öldrunarlækna
Ólafur H Samúelsson